

## REGLUGERÐ

### um (1.) breytingu á reglugerð nr. 747/2021, um sóttkví og einangrun og sýnatöku við landamæri Íslands vegna COVID-19.

1. gr.

Við 9. gr. reglugerðarinnar bætist ný málsgrein svohljóðandi: Sóttvarnalækni er heimilt að gefa út leiðbeiningar að því er varðar tilhögun á sóttkví þeirra sem fengið hafa bólusetningu gegn COVID-19, svo sem um sóttkví þegar bólusettur einstaklingur er útsettur fyrir COVID-19 og vinnusóttkví.

2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er á grundvelli 12., 13., 14. og 18. gr. sóttvarnalaga nr. 19/1997, með síðari breytingum, tekur þegar gildi.

*Heilbrigðisráðuneytinu, 5. júlí 2021.*

F. h. r.

**Ásta Valdimarsdóttir.**

\_\_\_\_\_  
*Rögvaldur G. Gunnarsson.*